

Fastir liðir

Messur og bænastundir vikunnar

Mánudagar kl. 12.15: Hádegisbænir.

Þriðjudagar kl. 10.30: Fyrirbænamessa í kórkjallara.

Miðvikudagar kl. 8: Árdegismessa.

Fimmtudagar kl. 12: Kyrrðarstund.

Æskulýðsstarf Hallgrímskirkju

Þriðjudaga kl. 11.30 – 12.30: Krílasálmar í kirkjunni.

Þriðjudaga kl. 19.30 – 21.30: Æskulýðsfélagið Örkin í kórkjallara.

Miðvikudaga kl. 10 – 12: Foreldramorgnar í kórkjallara.

Miðvikudaga kl. 15.15 – 16.15: Fermingarfræðsla í kórkjallara.

Fimmtudaga kl. 14.15 – 15.15: TTT – tíu til tólf ára starfið í kórkjallara.

Æfingar kóra Hallgrímskirkju

Mótettukórinn: Mánudaga kl. 18 – 19.30 og

þriðjudaga kl. 19.30 – 22.

Schola cantorum: fimmtudaga kl. 16.30 – 19.

Á döfinni

Í dag: Ensk messa kl. 14.

Í dag: Tónleikar kl. 16 - Schnittke Requiem og ný íslensk kórtónlist.

Laugardagur 2. febrúar: Orgel Matinée kl. 12.

Sunnudagur 3. febrúar: Messa og barnastarf kl. 11.

Heimasíða Hallgrímskirkju er www.hallgrimskirkja.is

Endilega smellið „like“ á Facebook og „follow“ á Instagram

Og munið #hallgrimskirkja

HALLGRÍMSKIRKJA

Þriðji sunnudagur eftir þrettánda – Boðorðadagur 1

Messa og barnastarf 27. janúar 2019, kl. 11.

Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr.

Birgi Ásgeirssyni. Messuþjónar aðstoða. Félagar úr Mótettukór

Hallgrímskirkju syngja. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

Umsjón með barnastarfi hafa Inga Harðardóttir, Ragnheiður

Bjarnadóttir og Karítas Hrundar Pálsdóttir. Skirt verður í messunni.

Ritningarlestrar: 2Mós 20.1-6, Róm 2.14-16. Guðspjall: Matt 22.37-38.

Messuliðina er að finna á bls. 13 í sálmabókinni.

We welcome you all to church and to participate in the liturgy. The hymn-numbers can be seen below. And we invite you all to come and share at the table of the Lord.

Samskot dagsins renna til Hjálparstarfs kirkjunnar

Innganga: 585 Full af gleði yfir lífsins undri (1.-4. erindi fyrir skírn og 5.-6. eftir skírn

540 Ljós ert þú lýði

22 Þú, mikli Guð, ert með oss á jörðu

267 Kristur, sem reistir þitt ríki á jörð (kórinn syngur fyrstu tvö versin)

Friðarkveðja: *Friðarkveðjan er látin ganga á milli allra með orðunum: Friður sé með þér. Svar: Og með þér.*

47 Gegnum Jesú helgast hjarta

Undir útdeilingu: Þú sem líf af lífi gefur, *Johann Crüger/Hjálmar Jónsson & Schmücke dich o liebe Seele* op 65/51, *Sigfried Karg-Elert*

29 Mikli Drottinn, dýrð sé þér

Eftirspil: Fantasie í Es-dúr, *Camille Saint-Saëns*

**Takið virkan þátt í messunni
Kaffisopi eftir messu**

Lexía: 2. Mósebók 20.1-6

Drottinn mælti öll þessi orð: „Ég er Drottinn, Guð þinn, sem leiddi þig út af Egyptalandi, út úr þrælahúsinu. Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig. Þú skalt hvorki gera þér líkneski né neina eftirlíkingu af því sem er á himnum uppi eða því sem er á jörðu niðri eða í hafinu undir jörðinni. Þú skalt hvorki falla fram fyrir þeim né dýrka þau því að ég, Drottinn, Guð þinn, er vandlátur Guð og refsar niðjum í þriðja og fjórða lið fyrir sekt feðra þeirra sem hata mig en sýni kærleika þúsundum þeirra sem elska mig og halda boð mín.

Pistill: Róm. 2.14-16

Þegar heiðingjar, sem þekkja ekki lögmál Móse, gera það eftir eðlisboði sem lögmál Guðs býður, þá eru þeir sjálfum sér lögmál þótt þeir hafi ekki neitt lögmál. Þeir sýna að krafa lögmálsins er skráð í hjörtum þeirra með því að samviska þeirra ber þessu vitni og hugrenningar þeirra sem ýmist ásaka þá eða afsaka. Þetta verður á þeim degi er Guð dæmir hið dulda hjá mönnum samkvæmt fagnaðarerindi mínu sem ég hef þegið af Jesú Kristi.

Guðspjall: Matt. 22.37-38

Elska skaltu Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum. Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð. Annað er þessu líkt: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.

Exodus 20: 1-6

And God spoke all these words:

² “I am the LORD your God, who brought you out of Egypt, out of the land of slavery.

³ “You shall have no other gods before me.

⁴ “You shall not make for yourself an image in the form of anything in heaven above or on the earth beneath or in the waters below.⁵ You shall not bow down to them or worship them; for I, the LORD your God, am a jealous God, punishing the children for the sin of the parents to the third and fourth generation of those who hate me, ⁶ but showing love to a thousand generations of those who love me and keep my commandments.

Romans 2: 14-16

¹⁴ Indeed, when Gentiles, who do not have the law, do by nature things required by the law, they are a law for themselves, even though they do not have the law. ¹⁵ They show that the requirements of the law are written on their hearts, their consciences also bearing witness, and their thoughts sometimes accusing them and at other times even defending them. ¹⁶ This will take place on the day when God judges people’s secrets through Jesus Christ, as my gospel declares.

Gospel: Matthew 22: 37-38

³⁷ Jesus replied: ““Love the Lord your God with all your heart and with all your soul and with all your mind. ³⁸ This is the first and greatest commandment.